

STJÓRNARTÍÐINDI B 76 – 1994

11. október 1994

1689

Nr. 537

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 467/1991 um húsbrefadeild og húsbrefaviðskipti.

1. gr.

2. másl. 2. mgr. 2 gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Félagsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, lántökugjald allt að 1% til að standa straum af rekstrarkostnaði húsbrefadeildar auk vaxtaálags, allt að 0, 35% sem renni í varasjóð til að mæta áætluðum útlánatöpum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993 með síðari breytingum, með vísun til 21. gr., öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 540, 28. desember 1993.

Félagsmálaráðuneytið, 11. október 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Ingi Valur Jóhannsson.

11. október 1994

Nr. 538

REGLUGERÐ

um útgáfu á 4. flokki húsbrefa 1994 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbrefadeild.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, á grundvelli laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993 með síðari breytingum, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbrefadeild, gefi út 4. flokk húsbrefa 1994. Samanlögð fjárhæð húsbrefa í 4. flokki 1994, skal vera að hámarki 3 700 milljónir. Húsbrefin skulu gefin út í fjórum undirflokkum A, B, C og D. Í undirflokki A skal hvert húsbref vera að fjárhæð kr. 5.000.000,00, í undirflokki B kr. 1.000.000,00, í undirflokki C kr. 100.000,00 og í undirflokki D kr. 10.000,00. Vextir í 4. flokki 1994 eru 4.75 % á ári. Lánstími er 25 ár.

2. gr.

Húsbref eru greiðsla húsbrefadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbrefum.

B 119

3. gr.

Húsbréf skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang, skal skráð á framhlið húsbréfs. Við eigendaskipti að húsbréfi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal húsbréfs til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

4. gr.

Húsbréf eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands í Lögbirtingablaði nr. 11 frá 23. janúar 1989. Grunnvísitala flokksins er vísitala september mánaðar 1994.

5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbréfa skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá útgáfudegi bréfanna, 15. september 1994 til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. september 1994.

6. gr.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbréf þetta að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. mars, 15. júní, 15. september og 15. desember ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. desember 1995. Húsbréfaflokknum skal lokað eigi síðar en 15. september 1995. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbréf fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum.

Númer útdreginna húsbréfa skulu birt í Lögbirtingablaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Þau húsbréf þessa flokks, sem ekki verða dregin út, greiðast að fullu á lokagjalddaga, þann 15. september 2019. Húsbréf verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbréfadeildarinnar undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fyrrast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer samkvæmt ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 117. gr., sbr. IV. kafla laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. október 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Ingi Valur Jóhannsson.

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum í Faxaflóa, Húnaflóa og á Fljótagrunni.

1. gr.

Frá og með 15. október 1994 til og með 31. mars 1995 eru allar veiðar með línu bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Á svæði í norðanverðum Faxaflóa, sem afmarkast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°44,50 N - 23°39,00 V
2. 64°41,30 N - 23°39,00 V
3. 64°39,00 N - 22°57,00 V
4. 64°31,00 N - 23°04,00 V
5. 64°30,00 N - 22°57,00 V
6. 64°35,00 N - 22°52,00 V
7. 64°37,00 N - 22°44,00 V
8. Þormóðssker
9. 64°27,60 N - 22°11,32 V

Að norðan takmarkast svæðið af fjöruborði.

2. Á þremur svæðum í Húnaflóa, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- A.
1. 66°19,70 N - 22°12,00 V
 2. 66°19,70 N - 21°22,00 V
 3. 66°08,00 N - 21°15,00 V
 4. 66°08,00 N - 21°21,00 V
 5. Gjögurviti

Að vestan takmarkast svæðið af fjöruborði.

- B.
1. 66°00,00 N - 21°19,00 V
 2. 66°00,00 N - 21°14,00 V
 3. 65°44,00 N - 21°14,00 V
 4. 65°44,00 N - 21°20,60 V